



## Brahman - alheimssálin

Hindúar trúa því að til sé eilíf, óbreytanleg orka sem umlykur heiminn að utan og innan, er allstaðar og í öllu. Þessi orka er kölluð Brahman og er grunnurinn sem allar greinar hindúatrúar byggja á. Brahman er því stundum nefnd alheimssálin sem sameinar allt líf og orku í heiminum. Einnig er hægt að líta á Brahman sem einn eilífan, óendanlegan og ópersónulegan guð.



Gömul saga segir af vitrum manni sem var að kenna syni sínum um Brahman. Hann sagði syninum að setja smá salt út í vatn og taka það svo úr því aftur. Sonurinn setti saltið í vatnið og við það leystist

það að sjálfsgöðu upp og blandaðist vatninu svo ekki var hægt að taka það aftur upp. Faðirinn sagði þá syninum að nærvera Brahman í heiminum væri svipuð og saltið í vatninu, við sjáum það ekki en það er samt allsstaðar.

Flestir hindúar tilbiðja marga guði með mismunandi eiginleikum. Flestir þeirra líta svo á að þessir guðir séu í raun mismunandi holdgervingar Brahman. Sumir hópar innan hindúatrúar tilbiðja hinsvegar ekki neina guði en einbeita sér þess í stað að því að styrkja samband sitt við alheimssálinu, Brahman. Hindúatrú er því í raun mjög sérstök blanda af algyðistrú og fjölgyðistrú.

**Ópersónulegur guð** er guð sem er ekki í formi persónu heldur í formi anda eða óútskýranlegs krafts sem býr í allri tilverunni.

**Holdgerving** er það þegar eitthvað sem vanalega hefur ekki líkama og hold fer í líkama til styttri eða lengri tíma.

**Algyðistrú** er sú trú að guð og alheimurinn séu eitt og að hinn guðlegi máttur gegnumsýri því í raun alla tilveruna.

**Fjölgyðistrú** er átrúnaður þar sem trúað er á fleiri en einn guð.

### Spurningar

1. Hvað er Brahman?
2. Hvað er ópersónulegur guð?
3. Hindúar segja að Brahman sé eins og salt í vatni, það blandast öllu og engin leið er að ná því úr. Hvað annað mætti líkja Brahman við? Segðu allt sem þér dettur í hug.
4. Hvað telja flestir hindúar að hinir mismunandi guðir sínir séu?